

- LÖGREGLU -

# MAÐURINN

1. tbl. - 2011

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
1. tölublað - 27. árgangur 2011 - 70. blað



**Ritstjóri:**
**Steinar Adolfsson**



**Ábyrgðarmaður:**
**Snorri Magnússon**
**formaður LL**



**Starfsmenn LL:**

**Steinar Adolfsson**
**framkvæmdastjóri**



**Guðlaug Hreinsdóttir**
**skrifstofustjóri**



**Stefanía Vigfúsdóttir**
**sérfræðingur**

**Prófförk:**
**Atli Steinn Guðmundsson**

**Forsíðumynd:**
**Júlíus Sigurjónsson**

**Teikning á bls. 2:**
**Logi Jes Kristjánsson**

**Lögreglumaðurinn er gefinn út af Landssambandi lögreglumanna**

**Netfang ll@bsrb.is**

**www.ll.bsrb.is**












## Efnisyfirlit...

Eldgos, ár frá gosi Fimmvörðuhálsi 4
Hver gætir mín? 10
Sáttamiðlun í opinberum málum 12
Orlofshús LL árið 2011 18
Sumarhús og íbúðir á vegum LL 2011 20
Störf valnefndar LSR 2010 25
Er barnið þitt í öruggum höndum? 30
Íþróttir 36

# Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Forðist skammstafanir.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungis veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# *Formannshornið*

# Hvað nú?



Nú hefur litið dagsins ljós boðað frumvarp vegna skipulagsbreytinga í lögreglu sem miða að því að fækka lögregluembættunum í landinu úr fimmtán (15) í átta (8) – gert hafði verið ráð fyrir fækkun í sex (6) með því frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi en dagaði upp í Allsherjarnefnd.

Yfirlýst markmið breytinganna er sem fyrr að ná fram aukinni hagræðingu auk þess að efla og styrkja lögregluna enn frekar!

Enn fækkar lögreglumönnum! Enn eykst álagið á þá sem eru við störf í dag! Enn erum við að horfa fram á það að gerð viðunandi kjarasamnings – með hækkun launa í samræmi við þá ábyrgð sem fylgir því starfi að vera lögreglumaður – dragist úr hófi fram. Þegar þessar línur eru skrifaðar hafa kjarasamningar lögreglumanna verið lausir í rúma eitt hundrað og fjörutíu (140) daga!! Þar áður voru lögreglumenn með lausa kjarasamninga í rúmt ár!!

Enn hafa engar kannanir verið gerðar, meðal lögreglumanna, á hug þeirra til breytinganna! Enn hafa engar kannanir verið gerðar, meðal lögreglumanna, á hug þeirra skipulagsbreytinga sem þegar hefur verið ráðist í! Enn hefur engin úttekt verið gerð, af hálfu Ríkisendurskoðunar, á því hvernig til hafi tekist með þær viðamiklu breytingar sem gerðar voru á lögreglunni á landsvísu í byrjun árs 2007! Enn hafa engar kannanir verið gerðar, meðal lögreglumanna, er lúta að starfsskilyrðum, launakjörum, starfsánægju / starfsanda, stjórnun og svo mætti lengi telja!

Nokkuð undarlegt, kynni einhver að spyrja sjálfan sig, þar sem sá hinn sami teldi það eðlilegt að áður en farið yrði í það að breyta aftur, einhverju sem nýlega hefur verið breytt, yrði kannað hvernig til hefði tekist með fyrri breytingar. Nokkuð undarlegt einnig í ljósi þess sem er að finna í ritinu „Sameining ríkisstofnana og tengdar breytingar“ sem fjármálaráðuneytið gaf út í desember 2008 en þar segir eftirfarandi á bls. 5:

„Töluvert er til af erlendu efni um sameiningu fyrirtækja en lítið virðist vera til um aðferðafræði og reynslu af sameiningu opinberra stofnana. Erlendar rannsóknir sem greint er frá í viðauka 1 benda til þess að sameiningar og aðrar meiriháttar breytingar skili sjaldan þeim árangri sem vonast er eftir eða í undir 15% tilvika. Helstu ástæður eru sagðar vera þessar:

• Markmið og framtíðarsýn eru ekki nógu skýr eða ekki útskýrð nógu vel.
• Fjárhagsleg samlegð er ofmetin.
• Undirbúningi og skipulagningu er áfátt.
• Ekki tekst að kveikja nægan áhuga á sameiningunni.
• Starfsmannamálum er ekki sinnt nógu vel.
• Breytingastarfið lognast út af áður en því er lokið.

Flestir sem taka þátt í að undirbúa og hrinda sameiningu í framkvæmd, gera slíkt aðeins einu sinni á ævinni. Þar af leiðandi nýtist þekking og reynsla sem verður til við eina sameiningu sjaldan aftur.“

Enn hefur engin vinna verið sett í gang með að skilgreina 1. Öryggisstig á Íslandi, 2. Þjónustustig lögreglu og í framhaldi af því 3. Mannaflaþörf lögreglu ákvörðuð og 4. Fjárveitingar til að halda út löggæslu á Íslandi í framhaldi af skilgreiningunum úr liðum 1. – 3. ákvarðaðar! Samt telja einhverjir sig geta fullyrt að hægt sé að ná fram hagræðingu og sparnaði auk eflingar og styrkingar!

***Snorri Magnússon, formaður LL.***

# *Ritstjórapistill*

# Lögreglumaðurinn – fagblað allra lögreglumanna



Ég hef áður gert blaðið að umtalsefni í pistlum mínum, hvatt lesendur til að láta í ljósi skoðanir sínar á efni blaðsins, koma á framfæri ábendingum um atriði sem betur mætti fara og skrifa greinar sem ætlaðar eru til birtingar í blaðinu. Það verður þó að segjast að mjög lítið hefur farið fyrir slíku þann tíma sem ég hef starfað hjá LL. Sjálfum finnst mér blaðið vera mikilvægan vettvang fyrir lögreglumenn og málefni þeirra, hafa að geyma mikilsverða sögu stéttarinnar og um viðfangsefni hvers tíma en blaðið var fyrst gefið út árið 1981!

Fyrstu árin og reyndar allt til ársins 2006 var á hverjum tíma starfandi ritnefnd sem kom að útgáfu blaðsins ásamt starfsmönnum skrifstofu LL og auðvitað stjórnarmönnum. Frá þeim tíma hefur útgáfa blaðsins að mestu hvílt á herðum framkvæmdastjóra LL en áfram hafa komið að útgáfunni formaður og aðrir starfsmenn skrifstofunnar.

Núverandi stjórn hefur ákveðið að setja af stað tiltekna hugmyndavinnu varðandi blaðið, svo sem um efnistök og fleira og mun G. Jökull Gíslason leiða þá vinnu. Er ætlunin að ræða þær hugmyndir á formannaráðstefnu LL sem verður haldin þann 6. maí nk. og mögulega ýta úr vör með haustinu. Vil ég nota þetta tækifæri og árétta við alla lesendur blaðsins að koma á framfæri skoðunum sínum og hugmyndum sem nýst geta okkur í þessari vinnu – allt með það markmið í huga að gera veg blaðsins sem mestan þannig að það höfði til sem flestra og helst allra lögreglumanna. Ábendingar má senda á netfang LL sem er ll@bsrb.is

***Steinar Adolfsson, ritstjóri.***



# eldgos

## - eitt ár er liðið frá því að eldgosið hófst í Fimmvörðuhálsi og svo nokkrum vikum síðar í Eyjafjallajökli



*Sveinn Kristján Rúnarsson*

**Nú þegar um það bil eitt ár er liðið frá því að eldgosið hófst í Fimmvörðuhálsi og svo nokkrum vikum síðar í Eyjafjallajökli er kominn tími á að rifja þessa atburði upp í huganum og setja eitthvað niður á blað.**

### *Eldgos í Fimmvörðuhálsi.*

Þegar ég lagðist á koddann um kl 23:30 að kvöldi 20. mars 2010 átti ég ekki von á því að 20 mínútum síðar færi af stað atburðarás sem myndi kippa mér út úr daglegri rútínu næstu tvo og hálfan mánuð. Það var svo kl. 23:50 að Adolf Árnason lögreglumaður hringdi í mig og sagði að tilkynning hefði komið til lögreglunnar um að eldur sæist ofan á Eyjafjallajökli



*Horft frá Skálakoti til norðurs.*



og hugsanlega væri eldgos hafið í jöklinum. Adolf og Einar Þorfinnsson lögreglumaður héldu áleiðis inn Fljótshlíðina til að kanna þessa sýn frekar. Meðan á því stóð talaði ég við Kjartan Þorkelsson lögreglustjóra sem hafði fengið veður af þessari tilkynningu í gegnum bakvakt almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra (AVD-RLS). Við ákváðum að hittast á lögreglustöðinni, sem tímabundið hafði verið flutt í húsnæði björgunarsveitarinnar Dagrenningar á Hvolsvelli.

Við hittumst þar nokkrum mínútum síðar. Kjartan hafði haft samband við jarðskjálftadeild Veðurstofunnar sem sagði að engar jarðhræringar væri að sjá á mælum þeirra. Við ákváðum því að aka á eftir lögreglubifreiðinni inn Fljótshlíðina til að sjá sjálfir hvað um væri að vera. Þegar við vorum komnir að Sámsstöðum hringdi Adolf aftur og sagði að það væri

eldur í austanverðum Eyjafjallajökli, ofan við Þórsmörkina og klárlega væri hafið eldgos. Í framhaldi af þessu hringdi Kjartan í bakvakt AVD-RLS og fyrirskipaði rýmingu á öllu áhrifasvæði Eyjafjallajökuls, sem er Fljótshlíðin, Landeyjar og Eyjafjöllin eða um 800 manns.

Í framhaldi af því fórum við hvor á sína stjórnstöð, hann á Hellu í húsnæði aðgerðastjórnar, en ég fór á lögreglustöðina til að sinna vettvangsstjórn og rýmingum.

Ekki get ég neitað því að skrýtin tilfinning hríslaðist um mig þegar rýmingin fór af stað, þarna væru hugsanlega að gerast atburðir sem gerðust á 200 ára fresti og líkur væru á að þeir gætu haft í för með sér miklar hörmungar fyrir íbúa svæðisins.

Árið 2003 fór í gang gríðarleg vinna hér á svæðinu er varðar hættumat og vinnu við viðbragðsáætlanir vegna eldgosa í Kötlu og Eyjafjallajökli. Í hættumatinu kom fram að ef gos hæfist í Eyjafjallajökli væru líkur á því að jökulflóð kæmi undan jöklinum og í versta falli yrði það flóð upp á 30.000 $m^3$ pr. sek. Enn fremur kom fram í hættumatinu að Katla færi af stað og gosið yrði norðvestan megin í öskjunni, myndi stærsta mögulega flóð koma niður með Markarfljóti og vera um 300.000 $m^3$ pr. sek. að stærð

Í framhaldi af hættumatinu var því unnin viðbragðsáætlun og rýmingaráætlanir gerðar fyrir svæðið. Æfing var haldin árið 2006 þar sem rýmingar voru æfðar bæði í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, en Katla hefur einnig gríðarstórt áhrifasvæði í V-Skaftafellssýslu.

Allir íbúar sem voru á rýmingarsvæðinu fengu rýmingarboð í síma sína og eftirfarar hófu að tilkynna sig inn í vettvangsstjórn. Rýmingin fór á fullu af stað, lögreglumenn á frívöktum komu til vinnu, auk þess sem aðstoð kom frá starfsfélögum á Selfossi, Reykjavík og sérsveit ríkislögreglustjóra (RLS).

Enn fremur þustu að björgunarsveitarmenn í hús og fóru í sín verkefni.

Rýmingin gekk hratt og fumlaust fyrir sig, enda ljóst að þarna var á ferðinni björgunarlið sem vann vel saman og með það eitt að markmiði að bjarga fólki frá bráðri hættu. Allir viðbragðsaðilar gerðu sér grein fyrir því að möguleiki var á að fólk væri að yfirgefa hýbýli sín í síðasta sinn.

Ýmis verkefni komu upp á meðan rýmingin stóð yfir, m.a. voru skemmtanir í gangi á tveimur stöðum á rýmingarsvæðinu og þurfti að bregðast hratt við því þar sem þar var nokkuð af ölvuðu aðkomufólki sem þurfti að koma burt af svæðinu.



*Hér er byrjað að gjósa í Eyjafjallajökli, eins og sjá má er öskufall mikið, lögreglumaðurinn sem stendur við lögreglubifreiðina er Atli Árdal.*



*Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn við lögregluna á Hvolsvelli og Atli Árdal, varðstjóri fara yfir rýmingar aðfaranótt 21. mars 2010, þegar rýmt var vegna gossins í Fimmvörðuhálsi.*



*Greinahöfundur skoðar gosstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi.*



# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

1912 ehf.
Klettagörðum 19
A. Wendel ehf.
Tangarhöfða 1
Aðal tannsmíðastofan - Klíniskur tannsmíðameistar
Hátúni 8
Aðalvík ehf.
Ármúla 15
AH Lögmenn ehf.
Þrándarseli 2
Alefli ehf. - Byggingaverktakar
Þarabakka 2
Alhliða pípulagnir
Bæjarflöt 6
Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi
Borgartúni 35
Antikmunir
Klapparstíg 40
Arctic rafting ehf.
Laugavegi 11
Arev verðbréfafyrirtæki hf.
Bankastræti 5
Arkís ehf. - Arkitektar
Höfðatúni 2
Asía ehf.
Laugavegi 10
ATOZ Alhliða Viðskiptaráðgjöf sf.
Borgarbúni 3
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Brautarholti 10
Austur Indíafélagið
Hverfisgötu 56
Árni Reynisson ehf.
Laugavegi 170
Ásbjörn Ólafsson ehf.
Köllunarklettsvegi 6
Ásfell ehf.
Fremristekk 11
B.B. Bílasalan ehf.
Smiðshöfða 17
B.K. flutningar ehf.
Krosshömrum 2
Babysam Skeifunni 8
Skeifunni 8
Bakkus ehf.
Héðinsgötu 1
Barnalæknaþjónustan ehf.
Egilsgötu 3 Domus Med
Bernhöftsbakarí ehf.
Bergstaðastræti 13
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 5
Bifreiðastillingar Nicolai
Faxafeni 12
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Mörkinni 6
Bílahöllin - Bílaryðvörn hf.
Bíldshöfða 5
Bílaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílalíf, bílasala
Kletthálsi 2
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Hyrjarhöfða 4
Bílasala Guðfinns
Stórhöfða 15
Bílasalan Höfðahöllin
Tangabryggju 14-16
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bílvirkinn ehf.
Súðarvogi 46
Björnsbakarí ehf.
Klapparstíg 3 v/Skúlagötu
Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23
Blómabúðin Hlíðablóm - Háleitisbraut 68
Háaleitisbraut 68
Blómastofa Friðfinnss
Suðurlandsbraut 10
Booztbar/Ísbar
Grandavegi 45
Borgarbílastöðin ehf.
Skúlatúni 2
Borgarpylsur
Skeifunni 5
Bólstrun Ásgríms ehf.
Bergstaðarstræti 2
Bólstrunin Miðstræti 5
Miðstræti 5
Bón-Fús
Flétturima 27
Bónus
Skútuvogi 13
BSRB
Grettisgötu 89
Búseti
Skeifan 19
Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartúni 31
BYR Sparisjóður
Borgartúni 18
Cafe konditori
Grensásveg 26
Celtic Cross ehf.
Pósthólf 399
Cetus ehf
Höfðabakka 9
Danica sjávarafurðir ehf.
Suðurgötu 10
Dentalstál ehf.
Hverfisgötu 105
Devitos Pizza við Hlemm
Laugavegi 126
DFK Endurskoðun ehf.
Skipholti 50d
DHL á Íslandi
Skútuvogi 1d
Dímon Lína ehf.
Súðarvogi 6
Dómsmála og mannréttinda ráðuneyti
Skuggasundi
Dúkarinn Óli Már
Langholtsvegi 143
Dvalar og hjúkrunarheimilið Grund
Hringbraut 50
Dýraspítalinn í Víðidal ehf
Víðidal
E. Sigurjónsson lögmannsstofa ehf
Suðurlandsbraut 4- 4.h.
E.F. Ben ehf.
Dugguvogi 17-19
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Efnalaugin Katla
Laugarásvegi 1
Efnalaugin Perlan ehf
Langholtsvegi 113
Eico ehf.
Skútuvogi 6
Eignamiðlunin ehf.
Síðumúla 21
Einar Ben, Veitingahús
Veltusundi 1
Eirberg ehf
Stórhöfða 25
Eirvík heimilistæki hf.
Suðurlandsbraut 22
Ellen Ingvadóttir lögg. dómtúlkur og skjalþýðandi
Brautarholti 28
Endurskoðun og reikningsskil hf.
Stangarhyl 5
Erluís
Fákafeni 9
Extón ehf.
Fiskislóð 10
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Grensásvegi 13
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17
Felgur-smiðja ehf.
Axarhöfða 16
Ferðamálastofa Íslands
Lækjargötu 3
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Borgartúni 33
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Rauðagerði 27
Félag Skipstjórnarmanna
Grensásvegi 13
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fjallamenn ehf.
Skútuvogi 12e
Fjárhagsþjónustan ehf.
Strýtuseli 14
Flugþjónustan ehf.
Reykjavíkurflugvelli
Formprent
Hverfisgötu 78
Forum Lögmenn
Aðalstræti 6 - 5.hæð
Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Fraktflutningar ehf.
Seljugerði 1
Freyðing ehf.
Pósthólf 9309
Fröken Júlía ehf
Álfabakka 14a
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Draghálsi 6-9
G.S. varahlutir ehf.
Bíldshöfða 14
Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
Garðmenn ehf.
Skipasundi 83
Gáski ehf. - Sjúkraþjálfun
Bolholti 8
Geiri ehf.
Bíldshöfða 16
GG - Optik ehf.
Kringlunni 4-12
Gilbert úrsmiður Laugavegi 62
Laugavegi 62
Gistiheimilið Baldursbrá
Laufásvegi 41
Gistihúsið Ísafold
Bárugötu 11
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Glóbus hf.
Skútuvogi 1f
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Ármúla 42
Gnýr sf.
Stallaseli 3
Grandakaffi ehf.
Grandagarði 101
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Grímshaga 3
Grensáskirkja
Háaleitisbraut 66
Grensásvideo ehf.
Grensásvegi 24
Grillhúsið Tryggvagötu
Tryggvagötu 20 Bryggjuhús
Gró ehf.
Skútuvogi 10b
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Gull- og silfursmiðjan Erna hf.
Skipholti 3
Gullkistan
Frakkastíg 10
Gullsmiðurinn í Mjódd
Álfabakka 14b
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
Tjarnargötu 10d Box 1067
Hafnarsmiðjan ehf
Grandagarði 18
Hagkaup hf. Skrifstofa
Holtagörðum/Holtaveg
Hamborgarabúllan
Box 131
Harka ehf.
Hamarshöfða 7
Haukur Þorsteinsson tannlæknir
Óðinsgötu 4
Hárgreiðslustofa Heiðu
Álfheimum 11a
Hárgreiðslustofan Greiðan ehf
Háaleitisbraut 58-60
Hársnyrtistofa Dóra
Langholtsvegi 128
Hátækni ehf.
Vatnagarðar 20
Heilsa Nr.1 ehf.
Barðastöðum 67
Heilsubrunnurinn ehf.
Kirkjuteigi 21
Heimabíó/James Bönd
Skipholti 9
Hereford steikhús
Laugavegi 53b
Herrahúsið Herrabúðin hf.
Laugavegi 47
Héraðsdómur Reykjavíkur
Dómshúsinu v/ Lækjartorg
Hilmar D. Ólafsson ehf.
Langholtsvegi 13
Híbýli og skip ehf.
Hverfisgötu 105
Hjá Dóra ehf. - Matsala í Mjóddinni
Þönglabakka 1
Hjá Jóa Fel.
Holtagörðum
Hjálpræðisherinn á Íslandi
Box 372
Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf.
Hátúni 2a
Hlað sf.
Bíldshöfða 12
Hljóðfærahúsið ehf
Síðumúla 20
Hljóðfæraverslun Pálmars Árna
Rangárseli 6
HM Bókhald ehf
Kringlunni 7
Hókus Pókus
Laugavegi 69
Hótel Frón
Laugavegi 22
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
Hótel Óðinsvé
Þórsgötu 1
Hreinsibílar ehf.
Hesthálsi 6-8
Hreinsitækni ehf.
Stórhöfða 37
Hreyfill
Fellsmúla 26
Hrif - Heilsuefling innan fyrirtækja ehf.
Ármúla 44
Hringrás hf.
Klettagörðum 9
HS Pípulagnir ehf.
Hraunbæ 78
HU - Vegamót
Vegamótastíg 4
Hugvit hf.
Tunguhálsi 19
Humarhúsið
Amtmannsstíg 1
Hundahótelið að Leirum
Leirum
Hvalaskoðun Reykjavíkur ehf./Elding
Ægisgarði 7
Höfðakaffi ehf.
Vagnhöfða 11
Iceland Travel ehf.
Skútuvogi 13a
IÐAN Fræðslusetur
Hallveigarstíg 1
Iðntré ehf.
Draghálsi 10
Isoft á Íslandi ehf.
Skeifunni 11b
Íslandspóstur hf.
Stórhöfða 29
Íslenska gámafélagið
Gufunesi
Íslenskir fjallaleiðsögum ehf.
Vagnhöfða 7




*Gosstrókurinn frá lögreglustöðinni á Hvolsvelli.*



*Umferðin á gosstöðvunum við Fimmvörðuháls var mikil.*

Rýmingu var lokið um þremur klst. eftir að hún hafði verið ákveðin og höfðum við þá yfirsýn yfir alla þá íbúa sem búa á rýmingarsvæðinu. Um leið og birti aðeins gátum við metið stöðuna. Á svipuðum tíma fengum við fregnir um að eldgosið væri ekki undir jöklinum heldur í Fimmvörðuhálsi og því engin flóðahætta. Því var ákveðið fljótlega í birtingu að hleypa bændum inn á rýmingarsvæðið.

Í ljós kom að þarna var um smágos að ræða sem sást vel frá mörgum stöðum í nágrenninu og vakti mikla athygli landsmanna og annarra ferðamanna. Næstu dagar fóru í það að koma skipulagi á umferð á svæðinu. Strax hófust jeppaferðir, gönguferðir og flugferðir að gosstöðvunum um leið og ljóst var hvert umfang gossins varð.

Verkefni lögreglumanna hér í umdæminu breyttust gríðarlega þennan tíma og ekki er ofsögum sagt að þetta gos hafi heltekið allan okkar tíma. Lögreglumenn færðu sig strax yfir á sólarhringsvaktir og skiptu með sér verkum, frí voru lítið sem ekkert inni í myndinni fyrstu dagana og voru allir tilbúnir að leggja á sig alla þá vinnu sem þurfti til að sinna þeim verkefnum sem upp komu. Ómetanleg er sú aðstoð sem við fengum frá sérsveit ríkislögreglustjórans í þessum atburðum, þar sem hér voru tveir til a.m.k. sex sérsveitarmenn allan sólarhringinn meðan á gosinu stóð.

Talið er að hátt í 100.000 manns hafi farið að eldstöðvunum við Fimmvörðuháls til að skoða þær.

Enn fremur var gríðarleg umferð um Fljótshlíðina og inn í Þórsmörk af akandi ferðamönnum sem og göngufólki.

Ljóst var að ekki væri hægt að hleypa fólki upp að gosstöðvunum án gæslu og var ákveðið að björgunarsveitir myndu vakta svæðið. Mjög fljótt kom í ljós að almenningur virti ekki tilmæli björgunarsveitarmanna og var því ljóst að lögregluvakt þurfti á svæðið. Við fengum því leigðan bíl frá bílaleigunni ÍSAK til að sinna verkefnum á jöklinum. Um var að ræða 38" breyttan Land Rover, ÍSAK 1, sem breytt var í lögreglubíl í skyndi. Brýn þörf var á seinnipartsvakt flesta daga og allan daginn um helgar, þegar mesta umferðin var á svæðinu.




*Hér er lögreglan í hlíðum Eyjafjalla að aðstoða ferðamenn í Eyjafjallagosinu.*

Fimmvörðuhálsinn er talinn ein hættulegasta gönguleið landsins. Greinilegt var að öll tól og tæki voru dregin út úr bílskúrum landsmanna til að komast á jökul og berja gosið augum. Þangað þusti að fólk gangandi, illa búið og ónestað. Um var að ræða a.m.k. 9 klst göngu í heildina og jafnvel kælingu niður í -25°C.

Lögreglumenn og björgunarsveitarmenn urðu því að tæma jökulinn á hverju kvöldi og fylgjast þannig með örmagna fólki og koma því til bjargar og aðstoðar, en ljóst er að mörgum mannslífum var bjargað af þessu fólki sem þarna stóð vaktina.



*Lokun á Þórsmerkurleið.*

### *Rýming á Fimmvörðuhálsi*

Að kvöldi 31. mars opnaðist skyndilega ný sprunga á Fimmvörðuhálsi, sem varð til þess að þurfti að rýma svæðið í skyndi, en talið var að nærri 1000 manns væru á staðnum. Því var gripið til rýmingar og voru þá á jöklinum tveir lögreglumenn, þeir Sveinn Ægir Árnason og Ásgeir Örn Ásgeirsson. Þeir tóku að sér

Landsvirkjun

Logaland
Lækningatæki
Flatahraun 31 | 220 Hafnarfjörður
s: 552 9080 | fax: 552 9015
www. logaland.is

gbó LÖGMENN

FORTIS
Lögmannsstofa
Gylfi Thorlacius hrl.
Svala Thorlacius hrl.
S. Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hdl.
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hdl.
Laugavegi 7, 101 Rvk • Sími: 520 5800



*Grafa að rjúfa veginn við Seljalandsmúla.*





*Frá Skálakoti til austurs.*



*Lokun við Þórólfsfell í Fljótshlíð.*



*Frá Skógum og til vesturs.*

vettvangsstjórn á jöklinum og stýrðu rýmingu hans með miklum sóma og var öllu fólki komið í öruggt skjól og fjarlægt af gosstöðvunum á undraverðum tíma.

Aftur hófst fjörið á Fimmvörðuhálsinum þegar umferð var hleypt á hann að nýju eftir umsögn vísindamanna um að slíkt væri í lagi. Ljóst var að nær ómögulegt var að loka aðgengi að svæðinu, en hægt er að komast að svæðinu frá mörgum mismunandi stöðum.

### *Leit að týndu fólki*

Gríðarlegur fjöldi fólks heimsótti eldstöðvarnar og nágrenni þeirra um páskahátíðina, enda veður með eindæmum gott alla páskadagana. Umferðaröngþveiti myndaðist í Fljótshlíðinni, þegar hundruð bíla og þúsundir manna hópuðust þar að til að berja gosið augum í fjarska.

Ekki komust allir heilu og höldnu heim eftir þá helgi, en á öðrum degi páska var þriggja einstaklinga saknað. Þau höfðu ætlað austur í Fljótshlíð til að berja eldstöðvarnar augum. Þau skiluðu sér ekki heim eftir heimsóknina, en höfðu sett sig í samband við lögreglumenn aðfararnótt 5. apríl og óskað aðstoðar, en hringdu svo aftur skömmu síðar og afþökkuðu aðstoð. Eftirgrennslan hófst á svæðinu að kvöldi 5. apríl sem hélt áfram um nóttina og daginn eftir. Fengin var aðstoð frá björgunarsveitum á svæðinu og Landhelgisgæslunni sem sendi þyrlu til leitar á svæðinu, en afar litlar upplýsingar og ónákvæmar höfðu borist um ferðir þeirra. Um miðjan dag 6. apríl fannst kona á gangi við Einhyrningsflatir og vísaði hún þyrluáhöfninni á staðinn þar sem hún taldi hugsanlegt að bíll þeirra væri. Hún kvað tvo félaga sína, karl og konu, hafa yfirgefið bifreiðina nokkru á undan henni til að leita aðstoðar, en hún hafði ekki séð fólkið síðan, aftakaveður hafði verið á svæðinu hjá þeim. Í framhaldi af þessu var kölluð út víðtæk leit á svæðinu.

Félagar konunnar fundust svo látnir í nokkurri fjarlægð frá bifreiðinni skömmu síðar, en þau höfðu orðið úti í slæmu veðri sem gekk yfir svæðið á öðrum degi páska. Þau voru illa búin og alls ekki klár í útivist á fjöllum. En við nánari skoðun kom í ljós að þau höfðu farið í ranga átt þegar aka átti heim í kjölfar þess að gosstöðvarnar voru skoðaðar.

### *Eldgos í Eyjafjallajökli*

Að kvöldi 13. apríl var haldinn rýnifundur með björgunarsveitum í kjölfar leitarinnar um páskana. Sama dag höfðu vísindamenn talið ljóst að eldgosinu í Fimmvörðuhálsi væri lokið og því töldum við að færi að róast hjá okkur. Við höfðum ákveðið að þetta skyldi vera síðasta vakt sérsveitarmanna á svæðinu og þeim þökkuð aðstoðin.

Ég kom heim af fundinum um kl. 22:30. Rúmri 1 klst. eftir að ég kom heim til mín og ætlaði að leggjast á koddann hringdi Kjartan lögreglustjóri í mig og bað mig að koma í stöð því líklega væri að hefjast gos í Eyjafjallajökli.

Ég fór því strax út á lögreglustöð/björgunarsveitarhús og þar hófum við að hringja í fólk sem bjó undir Eyjafjöllunum og undirbúa það fyrir rýmingu. Um kl. 03:00 um nóttina voru svo send allsherjarboð á alla íbúana sem búa í Fljótshlíð, Landeyjum og Eyjafjöllum um að rýma aftur skv. skipulagi. Lögreglumenn frá Selfossi og sérsveit RLS, ásamt björgunarsveitarmönnum af svæðinu komu aftur til aðstoðar við rýmingu.

Aftur hófst rýmingin og gekk hún mjög vel. Flóð kom svo niður Gígjökul og Svaðbælisá þegar fór að líða á morguninn. Þegar flóðið fór af stað var ákveðið að rjúfa veginn við Markarfljótsbrúna.

Adolf Árnason og Magnús Ragnarsson lögreglumenn voru staddir austan megin við Markarfljótsbrúna vegna rýminganna þegar vegurinn var rofinn og því ljóst að þeir kæmu ekki heim í bráð. Þeir lokuðust af næstu tvo sólarhringa, á milli vatna þar sem einnig flæddi við Svaðbælisána og brúin þar yfir því lokuð og ekki fært til Víkur. Þeir stóðu því vaktina í 48 klst. samfleytt, en komust í mat, skjól og jafnvel sturtu í fjöldahjálparstöðvum sem opnaðar höfðu verið á svæðinu fyrir fólkið sem rýmdi.

Um leið og flóðið var komið fram og ljóst að ekki væru íbúðarhús í hættu var íbúum aftur hleypt inn á svæðið, undir eftirliti og skráningu.

Fimmtánda apríl um kl 18:30 kom annað stórt flóð niður úr Gígjökli og var ákveðið að rýma allt svæðið í þriðja sinn. Við vissum þó að stór hluti íbúanna hafði ekki snúið aftur heim til næturdvalar, þó voru flestir heima við til að sinna skepnum. Þriðja rýmingin gekk jafnvel og hinar tvær. En við kepptumst við að hleypa fólki aftur til síns heima um leið og hægt var, en flóðið varð ekki eins stórt og upphaflega stefndi í og því ekki byggingar í hættu þannig að fólk fékk að snúa aftur til síns heima.

Á næstu dögum fór að berast yfir byggðina gríðarlegt öskufall, sem mest snart íbúa suður af jöklinum. Öskufallið var sleitulaust alla þá daga sem gosið stóð eða allt fram í byrjun júní og barst askan allt austur í Álftaver og Meðalland, Vík í Mýrdal og vestur til Reykjavíkur.

Fyrstu dagana eftir að gosið hófst hringdi lögreglumaður á hverju kvöldi í þá íbúa sem bjuggu á þeim stöðum sem voru næstir Markarfljóti og Svaðbælisá. Tilgangur símtalanna var fyrst og fremst sálgæsla og að upplýsa um stöðuna eins og hún var hverju sinni.

Aftur voru sérsveitarmenn komnir á staðinn og stóðu sólarhringsvaktir okkur við hlið allan tímann allt frá því að vera tveir til sex manns í einu á svæðinu frá Hvolsvelli að Kirkjubæjarklaustri eftir verkefnum og ástandi.

Þeir tæpu tveir mánuðir sem liðu á meðan gosið í Eyjafjallajökli stóð yfir liðu í minningunni eins og tveir dagar. Öll þau verkefni, sem unnin voru í samvinnu við íbúa, sveitarstjórnir í umdæminu, stjórnvöld og alla þá einstaklinga og stofnanir sem komu að björgunar og

hjálparstörfum og má þá ekki gleyma Víði Reynissyni og hans góða starfsfólki í AVD-RLS, voru leyst á fumlausan hátt og af mikilli yfirvegun. Þetta var unnið sem stórt verkefni frá upphafi og menn voru sífellt að reyna að hugsa fram í tímann. Haldnir voru fundir nær daglega fyrstu vikurnar með almannavarnanefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu þar sem farið var yfir stöðuna með vísindamönnum og starfsmönnum AVD-RLS.

### *Eftirvinnan*

Óhætt er að segja að verkefni sem þetta marki mann fyrir lífstíð. Reynslan sem byggðist upp í þessum atburðum sem höfðu áhrif vítt og breitt út fyrir landsteinana eiga seint eftir að líða úr minni mínu. Ofarlega í huga mér er ánægja með að hafa tekið þátt í undirbúningsvinnu við gerð viðbragðs- og rýmingaráætlana og að hafa gengið í allar þessar aðgerðir vitandi að fyrir lægju tilbúnar áætlanir um viðbrögð við vá af þessari stærðargráðu, þannig að hver ákvörðun yrði tekin með þekkingu, festu og öryggi. Haldnir hafa verið ófáir íbúafundir hér í umdæminu bæði fyrir, meðan og á eftir þessa miklu atburði. Í upphafi var farið yfir áætlanir, þær kynntar og fólki gefinn kostur á að koma með sínar skoðanir. Meðan á atburðum stóð voru haldnir íbúafundir til að fara yfir stöðuna hverju sinni til að halda fólki upplýstu. Nú ári síðar erum við enn að halda íbúafundi til að líta yfir farinn veg og fá álit íbúa og þátttakenda í þessu gríðarstóra verkefni sem rýna í það með okkur til gagns.

Þessar áætlanir sem unnar hafa verið hér á svæðinu með miklu samstarfi við AVD-RLS hafa vakið mikla athygli erlendis og höfum við farið nokkrar ferðir utan til að kynna þessar áætlanir og hvernig þær voru byggðar upp.

Efst er mér í huga mikið þakklæti til allra þeirra viðbragðsaðila sem lögðu á sig gríðarlega vinnu svo þessi viðbrögð gengju öll upp. Lögreglumönnum hér við embætti lögreglustjórans á Hvolsvelli er ég sérstaklega þakklátur fyrir hversu vel þeir brugðust við öllum verkefnum sem þeim voru fengin í hendur og leyst voru á faglegan og góðan hátt, þrátt fyrir langar vaktir og miklar vökur.

Ekki má gleyma þökk til aðstandenda okkar sem tóku þátt í þessu verkefni, en þessa tæpa þrjá mánuði sem þetta verkefni stóð yfir tókum við ekki mikinn þátt í heimilislífinu og vorum sjaldan heima.

Hægt væri að safna efni í heila bók varðandi þessa atburði, en ég hef hér stiklað á stóru og farið hratt yfir sögu.

Í lokin vil ég hvetja lögregluyfirvöld á Íslandi til að huga að almannavörnum í sínum héruðum, því of seint er að setja upp varnir og koma á samstarfi milli viðbragðsaðila þegar atvikið skellur á. Stjórn neyðaraðgerða er á höndum lögreglustjóra og því nauðsynlegt fyrir lögreglu að hafa skipulagið tiltækt og vera viðbúin því að takast á við hvers kyns verkefni sem upp geta komið. Við búum í landi elds og ísa og það er okkar skylda að vera viðbúin hamförum sem á geta dunið, hvort heldur sem er af náttúrunnar eða manna völdum. Því þykir mér þessi gullna setning Víðs Reynissonar, deildarstjóra AVD-RLS, eiga vel við sem lokaorð: „ If you failure to plan, you plan to failure.“

***Sveinn Kristján Rúnarsson,***
***yfirlögregluþjónn við lögregluna á Hvolsvelli.***






***Flóðið við Markarfljótsbrúnna.***

matís
MERKING
562 7044 við klárum verkið
MÚLAKAFFI
112 EINN EINN TVEIR
LÖGREGLA
SLÖKKVILIÐ
SJÚKRALIÐ
LÆKNAR
BJÖRGUNARSVEITIR



# Hver gætir mín?



G. Jökull Gíslason

**Lögreglumenn búa við það að þeir geta sætt alvarlegum ákærum fyrir brot í starfi og tíðarandinn er sá að líklegt er að slíkum kærum eigi eftir að fjölga. Ekki síst hefur það áhrif að margir einstaklingar virðast hafa lítinn skilning á allsherjarreglu og setja persónufrelsi sitt og útblásið mat á eigin rétti framar öllum öðrum reglum og viðmiðum. Því til viðbótar hefur upplýsingatækni gert það að verkum að lögreglumenn mega búast við því að allt sem þeir segja og gera sé til á upptöku sem síðar brot verði spilað úr sem sýnir lögreglumanninn í sínu versta ljósi og úr öllu samhengi við heildaratburði.**

Fyrir utan þá áþján sem fylgir því að liggja undir kæru eða vera ákærður og þá mannskemmandi óvissu sem getur fylgt í kjölfarið eftir að beðið er niðurstöðu dóms getur þessu fylgt mikill kostnaður, sem hleypur á hundruðum þúsunda.

Á síðustu árum hefur stjórn LL þurft að taka afstöðu til óska lögreglumanna um aðstoð til að standa undir slíkum kostnaði og hefur það gengið eftir en það hefur alltaf verið eftir að dómsniðurstaða liggur fyrir og engin föst regla til um hvernig afgreiðslu skuli háttað. Það tel ég að sé óviðunandi.

Ég tel að Landssamband lögreglumanna sé sá bakhjarl sem lögreglumenn eiga skilið og enginn betur til þess fallinn að styðja við bak þeirra á slíkum tímum en þar getum við gert svo mikið betur en við gerum í dag. Þegar lögreglumaður fær á sig kæru hefur Landssambandið lagt honum til aðstoð með því að fá viðkomandi lögfræðing við fyrstu stig ákærumeðferðar en síðan gerist lítið af okkar hálfu uns niðurstaða liggur fyrir. Hér getum við gert mikið betur.

Þá eru til önnur tilvik þar sem Landssambandið ætti að styðja við lögreglumenn. Til að mynda eru til fordæmi fyrir því á Norðurlöndum að þegar lögreglumenn eiga að vera áminntir í starfi er trúnaðarmanni þeirra tilkynnt um fyrirhugaða áminningu og hann er þeim til trausts svo að þeir séu að fá réttláta málsmeðferð og að rétt sé staðið að öllu auk þess sem hann er þá tengill þeirra til stéttarfélagsins með frekari aðstoð. Það hefur komið fyrir að lögreglumenn í svipaðri stöðu hafa leitað til LL en þetta á ekki að vera háð frumkvæði þeirra heldur vera skilvirkt kerfi því það hefur líka komið fyrir að lögreglumenn verða fyrir áfalli og bera ekki fyrir sig þau úrræði sem þeir eiga rétt á.

Eftir að hafa velt þessu vel fyrir mér held ég að rétt væri að taka upp tvenns konar kerfi:

- Að fara fram á að trúnaðarmönnum sé tilkynnt ef til stendur að áminna eða kæra lögreglumann fyrir brot í starfi og að þeir komi slíkum tilkynningum áleiðis til LL.
- Að LL setji á fót 5 manna nefnd lögreglumanna sem tekur afstöðu strax í upphafi til þess hver stuðningur LL skuli vera sem stjórn LL tekur síðan afstöðu til.

Þau mál sem LL ætti að skoða að styðja eru ákærur gegn lögreglumönnum fyrir brot í starfi eða þegar grunur er um brot gegn þeim í starfi. Aðrar hugsanlegar ákærur eins og brot lögreglumanna utan starfs eru ekki verkefni LL og þar eru þeir í sömu stöðu og aðrir borgarar. Dæmi um slíkt væri ölvunarakstur í frítíma. Það er ekki hlutverk LL að fást um slíkt né að styðja lögreglumann um lögfræðikostnað þó að það geti haft áhrif á starf hans. Hér má benda á að áhugavert mál er

í gangi þar sem lögreglumaður er með ákæru í skoðun hjá saksóknara fyrir hugsanlegt brot utan starfs en einn kæruflokkurinn er samt fyrir brot í starfi, sem er vandséð hvernig fær samrýmst. Í slíkum tilvikum á lögreglumaðurinn að njóta vafans.

Þegar slík mál koma upp á að vera 5 manna hópur til staðar sem strax hefur samband við lögreglumanninn og hlustar á hans frásögn og hvernig málið snýr að honum. Þetta ætti að vera gert með ýtrustu varfærni og án hleypidóma því það fellur í okkar hlut að vera bakhjarl á þessum tíma en í framhaldi skal þessi hópur koma saman og ákveða í upphafi hvort LL muni styðja hann. Þessi nefnd skili síðan tafarlaust niðurstöðu sinni til stjórnar LL sem tekur þá ákvörðun í framhaldi um hvernig stuðningi skuli háttað.

Hér takast á tvö ólík sjónarmið. Annað er stuðningur LL við einstaka félagsmenn og hins vegar það að LL á ekki endalausa sjóði til að standa straum af slíkum kostnaði. Þó að félagið velti tugum milljóna á ári er stór hluti þess fjár eyrnamerktur afmörkuðum verkefnum og sjóðum. Hins vegar verð ég að segja að þetta atriði og stuðningur í þessum málaflokki myndi veita fleiri lögreglumönnum öryggi í sínu lífi en það hvort að þeir hafi aðgang að orlofshúsi til að mynda. Stjórn þarf síðan að taka ákvörðun strax og ég get séð fyrir mér að sú staða komi upp að stuðningi sé hafnað. Við getum ekki séð öll brot fyrir en sú staða getur komið upp að brot sé yfirgengilegt og að það myndi ekki samrýmast réttarvitund flestra lögreglumanna að styðja viðkomandi en í langflestum tilvikum ætti stuðningur að vera auðsóttur og legg ég til að til þess að hafna stuðningi þurfi aukinn meirihluti á stjórnarfundi eða 2/3 að hafna honum. Einfaldur meirihluti ætti ekki að duga.

Erfitt er að fastsetja þak á slíkan stuðning en hann getur eðli máls samkvæmt ekki verið opinn heldur væri þá hægt að miða við stuðning að 500.000 krónum til að byrja með en málið yrði síðan endurskoðað eftir því sem fram vindur. Það væri síðan hlutverk þessa fimm manna hóps að halda sambandi við viðkomandi ásamt framkvæmdastjóra LL.

Mál sem afstaða yrði tekin til og heyrðu undir þetta væru:

- Ákærur gegn lögreglumönnum fyrir brot þegar þeir eru í starfi.
- Einkamál sem snúa að samskiptum á milli vinnuveitanda og lögreglumanna.
- Aðstoð í málum þar sem ráðist er gegn lögreglumönnum við skyldustörf, þó svo að málið sé að hluta einkaréttarlegs eðlis. Undir þetta falla kærur lögreglumanna gegn borgurum þar sem hagsmunir lögreglumanna í heild liggja undir.

Þetta myndi miða að því að gera LL hluta að slíkum málum fyrr en nú er og draga úr óvissu þeirra lögreglumanna sem í hlut eiga og gera vinnuumhverfi allra lögreglumanna tryggara.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI
ASÍ
Alþýðusamband Íslands
Arion banki
P
BÍLASTÆÐASJÓÐUR



# Sáttamiðlun í opinberum málum[1]

*- raunverulegur valkostur við meðferð sakamála*



*Steinar Adólfsson*

**Sem kunnugt er meðal lögreglumanna hefur Landssamband lögreglumanna beitt sér fyrir því að brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga verði felld í burtu úr fyrirmælum ríkissaksóknara um sáttamiðlun. Sú ánægjulega niðurstaða hefur nú náðst að ríkissaksóknari hefur ákveðið að brotin verði felld út en embættið vinnur nú að endurskoðun fyrirmælanna. En hvað felst í þessu úrræði og hvaða brotum er heimilt að vísa í þennan farveg. Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir þessu úrræði við meðferð sakamála.**

Árið 2006 ákvað Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, að setja á fót tilraunaverkefni til tveggja ára um sáttamiðlun í opinberum málum. Af því tilefni skipaði hann nefnd til að annast eftirlit með verkefninu og gæta samræmingar milli þeirra aðila sem að því kæmu. Nefndinni var jafnframt ætlað að sjá um að verkefnið yrði kynnt almenningi og að stöðuskýrslu yrði skilað til dómsmálaráðherra þegar verkefnið væri hálfnað. Við lok verkefnisins yrði svo gerð ítarleg úttekt á því og metið hvort ástæða væri til að gera úrræðið að varanlegum hluta réttarkerfisins. Verkefnið átti sér nokkurn lengri aðdraganda en í september 2003 hafði sami ráðherra skipað nefnd til að fara yfir og fylgjast með tilraunaverkefninu „Hringnum“ sem var samstarfsverkefni lögreglunnar í Reykjavík og Miðgarðs í Grafarvogi, um nýjar leiðir vegna afbrota ósakhæfra ungmenna. Sú nefnd skilaði skýrslu til ráðherra í apríl 2004 og lagði til að úrræðið yrði tekið til reynslu til tveggja ára.[2] Nefndin sem Björn skipaði árið 2006 skilaði áfangaskýrslu til ráðherra í desember 2007[3] og lokaskýrslu í febrúar 2009[4] sem var birt á heimasíðu ráðuneytisins í september 2010 og er úrræðið nú orðið varanlegt.

Ríkissaksóknara var í maí 2006 falið að útfæra tiltekna þætti tilraunverkefnisins, um skilyrði slíkrar meðferðar, til hvaða brota hún skyldi ná, um aldursmörk einstaklinga sem gætu átt kost á henni, um tímamörk sem henni yrðu sett og hvernig henni skyldi lokið. Fyrstu fyrirmæli/leiðbeiningar ríkissáttasemjara voru gefin út í júní 2006 og tóku þau gildi 1. október 2006 og markaði sá tímapunktur upphafstíma verkefnisins. Gert var ráð fyrir að verkefnið hæfist í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík og skyldu lögreglumenn sem hefðu hlotið sérstaka þjálfun annast sáttamiðlunina, en sérstakur verkefnastjóri á vegum dómsmálaráðuneytisins sem starfaði við embætti lögreglustjórans í Reykjavík annaðist sáttamiðlun vegna brota á 106. gr. alm. hgl.

### *Uppbyggileg réttvísi - Sáttamiðlun*

Uppbyggileg réttvísi (restorative justice) er heiti hugmyndafræði sem felur í sér að leitast er við að ná sáttum á milli brotamanns og brotaþola í kjölfar afbrots og sáttamiðlun (mediation, mægling) er sú aðferð sem oftast er beitt við þetta. Í sáttamiðlun felst að brotamaður og brotaþoli eru leiddir saman í því skyni að koma hinum brotlega í skilning um þau rangindi sem hann hefur viðhaft og fá hann til að friðmælast við brotaþola með það markmið að leiðarljósi að þeir

vörður
Hvalur hf.
VAKA
Íslandsbanki



komist að samkomulagi um málalok. Sáttamiðlun hefur á tiltölulega stuttum tíma náð mikilli útbreiðslu í hinum vestræna heimi allt frá því að tilraunir hófust með sáttafundi með þolendum og gerendum í kringum 1970 í Kanada og Bandaríkjunum. Nú til dags er sáttamiðlun orðin viðurkenndur og fastmótaður þáttur í réttarkerfum margra Evrópuríkja þótt lagagrundvöllur og aðferðir séu æði mismunandi.

### *Helstu kostir sáttamiðlunar*

Sáttamiðlun hefur verið talin fela í sér ávinning fyrir þolanda, geranda og samfélagið í heild. Með sáttamiðlun er réttarstaða brotaþola styrkt, hann á beina aðild að ákvörðun um hvernig máli er lokið og fær mun veigameira hlutverk en ella. Hafi þolandi orðið fyrir sárænu áfalli við verknaðinn getur það flýtt fyrir bata að hann fái að tjá sig við geranda um það tilfinningalega ójafnvægi sem brotið hefur valdið, efnislegt tjón o.fl.

Að leiða þolanda og geranda saman til að ljúka málum með þessum hætti þykir líklegra til að hafa sérstök varnaðaráhrif á geranda en hinar hefðbundnu aðferðir. Með sáttamiðlun þarf gerandi að sitja andspænis þeim einstaklingi sem hann braut gegn og útskýra gjörðir sínar og komast í framhaldinu að samkomulagi við þolanda. Er það vel til þess fallið að hann skilji betur þær afleiðingar sem háttsemi hans hefur haft á þolanda. Þolanda og geranda er frjálst að ákveða hvernig þeir vilja ljúka málinu, svo framarlega sem samningurinn þykir sanngjarn fyrir báða aðila. Þá er það góður kostur fyrir geranda í minni háttar málum að brotið leiðir ekki til saksóknar og upplýsingar um lyktir máls með sáttamiðlun eru ekki færðar á sakaskrá. Líkur standa til þess að gerandi efni samning sem hann hefur gert við þolanda ef báðir telja samninginn fela í sér hagfellda lausn málsins.

Samfélagið í heild nýtur góðs af úrræðinu þar sem það leiðir yfirleitt til skjótvirkari og um leið kostnaðarminni meðferðar mála. Á sama tíma er ákveðinn þungi tekinn af ákæruvaldinu og dómsvaldinu. Þá hefur sáttamiðlun ákveðin uppeldisáhrif á gerendur og er til þess fallin að fyrirbyggja frekari afbrot, sérstaklega meðal ungmenna.

### *Helstu ókostir sáttamiðlunar*

Þrátt fyrir óumdeilda kosti sáttamiðlunar hafa menn bent á neikvæðar hliðar hennar sem hafa einkum verið taldar felast í ójafnræði milli geranda og þolanda, ónógri formfestu og mögulegum áhrifum sáttamanna á lyktir máls. Bent hefur verið á að ekki ríki alltaf jafnræði með þolanda og geranda og geti sterkari aðilinn fengið þá niðurstöðu sem hann kýs. Þá sé réttaröryggi teflt í tvísýnu með því að beita óformlegum sáttaaðferðum í stað þess að fara eftir formföstum reglum réttarkerfisins. Loks geti niðurstaða máls ráðist um of af persónulegum skoðunum sáttamanna. Nefndin bendir á í þessu sambandi að tekið hefur verið tillit til allra þessara sjónarmiða við útfærslu tilraunaverkefnis og reynt að búa svo um hnútana að neikvæðar afleiðingar komi ekki til.

*Að leiða þolanda og geranda saman til að ljúka málum með þessum hætti þykir líklegra til að hafa sérstök varnaðaráhrif á geranda en hinar hefðbundnu aðferðir.*




TMÍ
Tryggingamiðlun Íslands
Utanríkisráðuneytið
Lásaþjónustan
ÖBÍ

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Ísmar hf.
Síðumúla 28
Ísold ehf, hillukerfi
- www.isold.is
Nethyl 3
Ís-spor hf.
Síðumúla 17
Íþróttafélagið Fylkir
Fylkisvegi 6
J.S. Gunnarsson hf.
Fossaleyni 10
Jens Guðjónsson hf.
Síðumúla 35
Jóhannes Long
ljósmyndari
Ásholti 2
K.H.G. þjónustan ehf.
Eirhöfða 14
KAFFI ROMA
Laugavegi 118
Kaffi Sólon
Bankastræti 7a
Kaffibarinn ehf.
Bergstaðastræti 1
Kaffivagninn hf.
Grandagarði 10
Karton hf.
Höfðabakka 9
Kemis ehf.
Breiðhöfða 15
Kjúklingastaðurinn
Suðurveri ehf
Fljótaseli 16
Kjöthöllin Skipholti 70 ehf.
Skipholti 70
Klipphúsið ehf.
Bíldshöfða 18
Knattborðsstofan Klöpp
Faxafeni 12
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Kolaportið
Pósthólf 12
KOM Almannatengsl
Borgartúni 20
Kórund Kort ehf.
Skútuvogi 13
Kr. St. lögmannsstofa ehf
Austurstræti 10a
Kvikk þjónustan ehf.
Bíldshöfða 18 bakhús
Lagaþing sf. - Þorbjörg I.
Jónsdóttir hrl.
Túngötu 14
LAG-Lögmenn sf.
Ingólfsstræti 5
Lagnagæði ehf.
Flúðaseli 94
Lagnalagerinn ehf.
fosshálsi 27
Landhelgisgæsla Íslands
Skógarhlíð 14
Landslög lögfræðistofa
Borgartúni 26
Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
Landssamband slökkviliðs-
og sjúkraflutningamanna
Brautarholti 30
Landssamtök lífeyrissjóða
Sætúni 1
Langholtskjör
Langholtsvegi 176
Laugarásvideó ehf.
Dalbraut 1-3

Legis ehf. Lögfræðistofa
Holtaavegur 10
Leigulistinn
Skipholti 50b
LETURPRENT
Dugguvogi 12
Listasafnið Hótel Holt ehf.
Bergstaðastræti 37
Litir og föndur
- Handlist ehf.
Skólavörðustíg 12
Lífland
Korngörðum 5
Lífstykkjabúðin ehf.
Laugavegi 82
Ljósboginn ehf.
Bíldshöfða 14
Ljósin ehf.
Trönuhólum 14
Loftlínur ehf, jarðverktaki
Rauðhömrum 8
Loftstokkahreinsun ehf
Garðhúsum 6
LP-Verk ehf. - Byggingafélga
Kleppsvegi 48
Lúmex ehf.
